

2023-2024

Markmið með samstarfi leikskólans Sólborgar og Sandgerðisskóla

- Að stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga og gera börnin örugg fyrir áframhaldandi skólagöngu. Byggja kennslu á fyrri reynslu barnanna og að samfella skapist í námi nemenda.
- Að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans.
- Að efla tengsl barnanna við fyrrum félagi sína frá leikskólanum.
- Að læra og njóta í gegnum leik og starf.
- Að auka jákvæðni og bæta umræðu á báðum skólastigum.
- Að efla grunn nemenda fyrir frekara lestrarnám og auka málþroska.

Leiðir að markmiðum:

Leikskólinn nýti sér þekkingu grunnskólakennarans:

- Málvitund og markviss málörvun þjálfuð í gegnum stöðvavinnu með afar fjölbreyttum verkefnum, lestri og virkri þátttöku nemenda.
- Þar sem verkfæri í Byrjendalæsi eru nýtt við fjölbreytta verkefnavinnu.

Grunnskólinn nýti sér þekkingu leikskólakennarans:

- Nemendur nema í gegnum leik, sköpunargleði þeirra er virkjuð og horft til einstaklingsþarfa barnanna.
- Gagnkvæmar heimsóknir kennara skólastiganna. Kennarar fræðast um hvað er verið að vinna með á hvoru skólastigi. Stefnt er á að umsjónarkennari fari einu sinni til tvisvar

sinnum yfir önnina með hópnum sínum á leikskólann og að allir hópstjórar útskriftahóps Sólborgar komi í heimsókn í grunnskólann.

➤ Haustönn:

- 3. nóvember umsjónakennarar, hópstjórar, stjórnendur Sandgerðisskóla og leikskólans ræðu um tilhögun samstarfs fyrir skólaárið.
- Frá 7. nóvember til 28. nóvember eru vikulegar heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann samtals fjögur skipti að hausti.
- 16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu. Nemendur 8. bekkjar grunnskólans fara í heimsókn í leikskólann og lesa fyrir nemendum þar í tilefni dagsins.
- 19. desember er jólaskeggtun. Nemendur í útskriftahóp leikskólans koma og njóta skeggtunar á jólahátíð grunnskólans.
- Heimsóknir á bókasafn grunnskólans, leikskólanemendur koma í heimsókn og hitta bókasafnsvörð og vinna verkefni með kennurum sínum. Starfsmenn leikskóla ákveða dagsetningar í samráði við starfsmenn bókasafns.
- Heimsóknir í félagsmiðstöð í samráði við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar Skýjaborgar.
- Reglulegir tímar í íþróttahúsi samkvæmt samningi leikskólans og forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar Sandgerðis.
- Tölvutímar í tölvuveri grunnskóla ákveðnir í samráði við aðstoðarskólástjóra. Einnig er hægt að vinna með Ipad í samstarfinu á þriðjudögum.

Vorönn:

- Ef þurfa þykir hittast kennarar og stjórnendur skólastiganna og fara yfir dagsetningar og endurskoða samvinnu fram á vorið. Umræða um *Lesferilinn*, skimunarpróf sem er lagt fyrir í september.
- 16. janúar – 12. mars eru tvær heimsóknir í mánuði þar sem nemendur leikskólans koma í skólann, (sjá nánar á skóladagatali að neðan).

- 15. mars er árshátíð yngri nemanda grunnskólans og elstu nemendur leikskólans Sólborgar kom og horfa á sýninguna. *Ef þau taka þátt í sýningunni verður það rætt tímalega og sameiginlegar æfingar skipulagðar.*
- 10.apríl kl. 12:35 er leikfímistími nemenda leikskóla, allir mæta með íþróttaföt og fara í baðklefa.
- 24. apríl kl. 10:40 Hefðbundin heimsókn leikskólabarna til stjórnenda í grunnskólanum. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og/eða deildarstjóri taka á móti börnunum, nemendum er sagt frá skólastarfinu og fara í skoðunarferð um alla skólabygginguna. Nemendur fá ávexti og grænmeti.
- 23. apríl fara nemendur 1. bekkjar heimsækja leikskólann (með fyrirvara um breytingu vegna flutninga leikskólans í nýtt húsnæði).
- 2. - 8. maí er lokahátíð. Sameiginlegt nesti, grill sami drykkur fyrir alla.
- 15. maí er heimsókn á Skólasel. Nánari tímasetning liggur fyrir þegar nær dregur. Nemendur taka þátt í hressingu.
- 16. maí, kennarar beggja skólastiga hittast kl. 13:30 til þess að meta hvernig samstarfið hefur gengið á þessu skólaári. Vinna með tillögur að breytingum ef þörf krefur og leggja grófa línur fyrir næsta vetur. kl. 14:00 munu sérkennarar og stjórnendur grunnskólans, væntanlegir kennarar 1. bekkja funda ásamt leikskólastjóra eða þroskajálfa og kennara elstu barna leikskólans fara m.a. yfir niðurstöður Hljómprófs og skiptast á öðrum mikilvægum upplýsingum.
- 22. maí, kynning á starfi næsta vetrar til foreldra útskriftahóps Sólborgar.
- Starfskynning eldri nemenda grunnskólans í leikskólann, tengt náms- og starfsráðgjöf. Nánari dagsetningar eru í samráði við náms- og starfsráðgjafa grunnskólans.
- Sundnámskeið á vegum Suðurnesjabæjar í íþróttamiðstöðinni í Sandgerði á vordögum.
- Heimsóknir á bókasafn grunnskólans, leikskólanemendur koma í heimsókn og hitta bókasafnsvörð og vinna verkefni með kennurum sínum. Starfsmenn leikskólans ákveða dagsetningar í samráði við Björk og starfsmenn á bókasafni.
- Heimsóknir í félagsmiðstöð í samráði við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar Skýjaborgar.
- Reglulegir tímar í íþróttahúsi samkvæmt samningi leikskólans.

➤ Vikuleg samskipti nemenda og kennara í Sandgerðisskóla og leikskólanum Sólborg í Sandgerði

- Á þriðjudögum í vetur, frá kl. 12:05 - 13:05 skiptast nemendur leikskólans á að fara í heimsókn í 1. bekk og á Skólasel. Miðast vinnustund við 60 mínútur (10 mínútur fyrir og eftir tímann til þess að fara á milli skólanna og koma sér að vinnu).
- Nemendur í 1. bekk fara í heimsóknir í leikskólann þá er miðast við að vinnustund sé 60 mínútur (10 mínútur fyrir og eftir tímann til þess að fara á milli skólanna og koma sér að vinnu).
- Dagatal

Samstarf Leikskólans Sólborgar og Sandgerðisskóla											2023-2024		
OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ					
1 S	1 M	1 F	Fulveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 F	1 M	Annar Þráskum	1 M	Verkalýðsdagurinn	1 L		
2 M	2 F	2 L		2 Þ		2 L	2 Þ	Starfisdagur	2 F	Lokahátíð	2 S	Sómannadagurinn	
3 Þ	3 F	3 S		3 M	Starfisdagur	3 L	3 S	3 M	3 F		3 M		
4 M	Uppbrótdagur	4 L	4 M	4 F		4 S	4 M	4 F	4 L		4 Þ	Skólaset og foreldragrill	
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M		5 M	5 Þ	Brúmbíll samskipti	5 F		5 M		
6 F	6 M	6 M	6 L	breiðindinn	6 Þ	Brúmbíll samskipti	6 M	6 L	6 M		6 F		
7 L	7 Þ	Brúmbíll samskipti	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 S		7 Þ		
8 S	8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M		8 L		
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 S	9 F	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	Uppsýningardagur	9 S		
10 Þ	Samskiptidagur	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	Heimsókn í Þróðakennara	10 F	Starfisdagur	10 M		
11 M	11 L	11 M	11 F	11 F	11 S	Dagur íslenska líknemleins	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 Þ		
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	Boðidagur	12 Þ	Brúmbíll samskipti	12 F		12 M		
13 F	13 M	13 M	13 L	13 L	13 Þ	Brúmbíll samskipti	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F		
14 L	14 Þ	Brúmbíll samskipti	14 F	14 S	14 M	Óskudagur	14 F	Dagur stærftæðinnar	14 S	14 Þ	14 F		
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 F	15 F	15 F	Árshátíð yngri	15 M	Litgreinidagur	15 L		
16 M	16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	Brúmbíll samskipti	16 F	16 L	16 Þ	16 M	Leikskólinn heimsóknir skólaset	16 S		
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 L	17 S	17 M	17 F	17 F	17 M	Lýðveldisdagurinn	
18 M	18 L	18 M	Jólaskreyting	18 F	18 S	Könudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 L	18 Þ		
19 F	19 S	19 Þ	Jólaskemmtun	19 F	19 M	Vekertí	19 Þ	19 F	19 F	19 S	Hvítasunnudagur	19 M	
20 F	Hausþífi	20 M	Dagur mannréttinda barna	20 L	20 L	20 Þ	20 M	20 M	20 Þ	20 M	Annar Hvítasunnu	20 F	
21 L	21 Þ	Brúmbíll samskipti	21 F	21 S	21 M	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 Þ	21 F		
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 F	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	Foreldrakvíning	22 L	
23 M	Hausþífi	23 F	Starfisdagur	23 L	Þorlákmesse	23 Þ	Brúmbíll samskipti	23 F	23 L	23 Þ	leikskólahémsókn 1. b.	23 F	23 S
24 Þ	Starfisdagur	24 F	24 S	Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 L	24 S	Þéttasunnudagur	24 M	Heimsókn í Skólaset	24 F	24 M
25 M	25 L	25 M	Jóladagur	25 F	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 F	Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ
26 F	26 S	26 Þ	Annar jólam	26 F	Þöndudagur - upphaf Þorra	26 M	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 S	26 M	Faðingardagur forsela lands (GThú)
27 F	27 M	27 M	27 L	27 L	27 L	27 Þ	27 M	27 M	27 L	27 L	27 M	27 F	27 F
28 L	28 Þ	Brúmbíll samskipti	28 F	28 S	28 M	28 M	28 F	28 F	28 S	28 S	28 Þ	28 F	28 F
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 F	29 F	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 L	29 L
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 Þ	30 L	30 L	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 S	30 S